

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1970

Nr. 96.

462

28. desember 1970.

L Ö G

um viðbótarrikisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 97.

29. desember 1970.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna í 2. gr.: „og gilda til 31. desember 1970“ komi: og gilda til 31. desember 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 29. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.